

Fundur í skólaráði Ártúnsskóla 17. mars 2021

Mættir: Ellen Gísladóttir skólastjóri, Guðrún Bára Gunnaradóttir aðstoðarskólastjóri, Bárður Steinn Jóhannsson fulltrúi starfsmanna, Hanna Sóley Helgadóttir fulltrúi frístundar, Páll Friðbertsson og Helga Snjólfadóttir fulltrúar foreldra og Söldís Perla Marteinsdóttir fulltrúi nemenda.

Ellen skólastjóri stýrði fundinum og fór í upphafi yfir skóladagatal 2021-2022, kynnti drög sem liggja fyrir og verður til lokaumfjöllunar í skólaráði á næsta fundi í apríl. Við munum senda fulltrúum skólaráðs drög að skóladagatalinu í tölvupósti eftir fundinn til nánari skoðunar því erfitt er að skoða skjalið á skjánum.

Starfsmannasamtölum er lokið í grunnskóladeild en eru ekki komin eins langt í leikskóla og frístund en standa yfir. Almenn ánægja með samskipti – starfsánægju – samstarf sem við erum afar ánægð með eftir þungt haust og þungan vetur. Nú skiptir miklu máli að halda í gleðina og við hlökkum til þegar við getum farið að hittast á nýjan leik. Skipulagning næsta skólaárs er hafin og lítur betur út með úthlutun kennslustunda en var fyrir þetta ár. Einungis er búið að innrita 13 börn í verðandi 1.bekk. Ekki verður tekin ákvörðun um innritun barna utan hverfis fyrr en í ágúst.

Stefnum á að auka við starfshlutfall námsráðgjafa næsta skólaár. Það hefur sannað sig að það að vera með starfandi námsráðgjafa við skólann styður vel við starf kennara og stjórnendur og að fá fagmann inn í hópinn til samstarfs og ráðagerða hefur reynst okkur einstaklega vel.

Þessa vikuna eru nemendur 7. bekkjar í skólabúðum að Reykjum í Hrutafirði. Það gengur vel og þaðan er allt gott að fréttu. Búið er að sækja um fyrir næsta skólaár og umræður um það fara fram með foreldrum í 6.bekk í vor.

Við erum farin af stað með samverur á nýjan leik en í tvískiptum hópum. Nemendur í 1. – 4.bekk saman og svo 5. – 7.bekkur. Er stutt vegna tvískiptingarinnar en þetta er samt sem áður að reynast vel og nemendur og starfsfólk glatt með það að við séum farin að hittast á samveru á nýjan leik. Stefnt er á að allir bekkir nái að komast á svið 1x fram á vorið með mjög stutt atriði.



Frístund hefur verið vel mönnuð undanfarið, lentum í smá vanda eftir áramót vegna þess að stundatöflur breyttust mikið hjá starfsmönnum en búið að ráða núna og höfum fengið góðan liðsauka og klúbbastarf er hafið við mikinn fögnuð nemenda.

Í leikskóladeild stendur yfir aðlögun barna og unnið er að því að ráða inn einn starfsmann, viðtöl standa yfir.

Samskiptasíður. Okkur langar að fá ykkur í lið með okkur ásamt foreldrafélaginu að vakta aðeins samskiptasíður bekkja og árganga og þegar þið sjáið umfjöllun þar eins og umræða um kennara, nemendur og foreldra. Við óskum eftir því að bent sé á það strax að með slík mál sé alltaf réttast að snúa sér beint til skólans. Við heyrum að svona umtal og vandi er að aukast mjög hjá skólunum í borginni og þetta vindur upp á sig. Rétt leiðin er alltaf að tala við okkur í skólanum. Skólinn ætlar að senda frá sér tillögur á foreldra um reglur/viðmið til notkunar á samskiptamiðlum foreldra. Jafnframt ræddum við um samskiptamiðla og aldurstakmörk barna. Foreldrar þurfa að standa saman og aðstoða börnin sín á þessum vettvangi. Það er 13 ára aldurstakmarkanir á þessa miðla af ástæðu..

Fundinn ritaði

Guðrún Bára Gunnarsdóttir